

**Ed.**

**32. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 60 11. júní 1938, um húsmæðrafræðslu í sveitum.

Flm.: Páll Hermannsson, Einar Árnason, Bernharð Stefánsson, Ingvar Pálmason.

1. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður greiðir  $\frac{3}{4}$  alls stofnkostnaðar, eftir því sem fé er veitt í fjárlögum eða Alþingi heimilar, að ríkissjóður taki að sér af stofnskuldum skólanna, eftir að lög þessi eru komin í gildi.

Þegar ríkissjóður greiðir stofnstyrk, má aðeins verja því fé til húsabóta og annara umbóta á skólasetrinu, í samráði við kennslumálaráðherra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Frv. þetta fer fram á það, að húsmæðraskólarnir verði látnir búa við sömu kjör og héraðsskólarnir um þátttöku rikissjóðs í stofnkostnaði.

Þegar rætt var um það á síðasta Alþingi að auka framlag rikissjóðs úr  $\frac{1}{2}$  í  $\frac{3}{4}$  af stofnkostnaði héraðsskólanna, var sérstaklega bent á þrjú atriði, er réttlættu þessa breytingu og gerðu hana jafnframt nauðsynlega:

1. Að aukin verkleg kennsla krefði mun meira og dýrara húsrúm.
2. Að skólarnir þyrftu að geta orðið gististaðir yfir sumartímann, en af því leiddi allmikinn aukastofnkostnað.
3. Að á skólunum hvildu nú skuldabyrðar, sem þeim væri um megn að rísa undir.

Allar hinar sömu ástæður eru fyrir hendi um húsmæðraskólana. Verklega námið er og hefir frá byrjun verið aðalnámið þar. Og það er staðreynd, að verklegt nám þarf tvöfalt eða jafnvel margfalt húsrúm á við bóklegt. Auk þess meiri og fjölbreyttari kennslukrafta. Húsmæðraskólarnir sumir eru nú þegar nauðsynlegir gististaðir á sumrum, og verða það sennilega framvegis. Á nokkrum þessara skóla hvíla þungar skuldir, og allir hafa þeir margvíslegar vaxtarþarfir, sem úr þarf að bæta í framtíðinni.

Það hlýtur því að verða lágmarkskrafa fyrir hönd húsmæðraskólanna, að eigi verði þeir settir skör lægra héraðsskólunum um fjárframlög úr rikissjóði. Á hitt mætti jafnframt benda, að bændaskólarnir eru að öllu leyti reistir og reknir fyrir rikisfé. Slikt er vel farið. Starf bóndans er það vandasamt og jafnframt mikilsvert fyrir þjóðfélagið í heild, að sem bezt þarf að vanda uppeldi og uppfræðslu bændaeftanna. En mundi ekki hið sama þurfa að eiga sér stað um húsmæðraefnin? Er starf húsmóðurinnar, móður komandi kynslóða, minna vert?

Hvað sem um þetta er, þá gæti það varla talizt fjarstæða að leggja að jöfnu bænda- og húsmæðraskólana, þótt ekki sé þess krafizt hér.

Ekki verður með neinni vissu um það sagt, hver útgjaldaauki rikissjóði mundi stafa af samþykkt þessa frv. Það fer mjög eftir því, hversu margir húsmæðraskólar rísa upp í sveitum landsins framvegis. En hitt má fullyrða, að kostnaðaraukinn við þá húsmæðraskóla, sem nú þegar eru til, mundi verða vel viðráðanlegur.

Nánar í framsögu.